

Stjórnarfundur Náttúrustofu Suðurlands

07.07.2002, Setrinu kl. 14:30.

Mættir Kjartan Vídó Ólafsson formaður stjórnar, Ragnheiður Sveinþórsdóttir, Guðni Hjörleifsson og Erpur Snær Hansen, forstöðumaður.



Formaður setti fundinn og bauð stjórnarmenn velkomna og forstöðumann Náttúrustofu Suðurlands.

1: Erpur fór yfir stöðu starfsmannamála, rannsóknarverkefna og viðfangsefnum Náttúrustofu Suðurlands m.a. að Náttúruverndarstofnun hyggst boða til heilsdags málstofu um stöðu og stjórnun veiða á sjófuglum hérlandis á Hafrannsóknastofnun 12. október 2026, og verður það auglýst frekar þegar nær dregur.

2: Umsagnarbeiðni Umhverfis- og skipulagsráðs vegna lundaveiðitímabils 2026. Erpur fór yfir umsögn sína til ráðsins. Forstöðumaður lagði til í umsagnarbeiðni að lundaveiðar verði ekki heimilaðar árið 2026 í Vestmannaeyjum.

3. Staða fjármála stofnunnarinnar, formaður fór yfir stöðu mála miðað við sex mánaða uppgjör.

4. Fyrirtækjaskrá breytingar á skráningu og prófkúru. Formanni falið að klára málið í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

6. Önnur mál: Erpur tekur saman uppfærðan tækjalista stofnunnarinnar fyrir næsta stjórnarfund.

Ákveðið var að formaður boði til næsta fundar í september.

Fundi slitið kl. 15:31